

Ár 1982, fimmtudaginn 25. febrúar, var í málinu nr. 26/1981 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R ð U R :


Í máli þessu gerir Páll S. Pálsson, hæstaréttarlögmaður þá kröfu fyrir hönd Björns J. Andréssonar, að metnar verði í fasteignamati tvær landspildur í Reykjavík, Leynimýrarblettur 1 og 1 A. Um er að ræða erfðafestulönd í eigu Reykjavíkurborgar. Leynimýrarblettur 1 er miklum mun stærra land, upprunalega 10 dagsláttur, og var í upphafi leigt á erfðafestu með samningi frá 11. apríl 1910. Kærandi fékk framsal þessa lands í tveimur áföngum þ.e. 2/3 hluta þess 15. nóvember 1933 og 1/3 hluta 26. nóvember 1937. Leynimýrarblettur 1 A er samkvæmt erfðafestusamningi frá 16. ágúst 1924, 0,15 ha. að stærð og fékk kærandi framseldan erfðafesturétt samkvæmt síðastgreindum samningi hinn 3. júní 1935.

Kærandi á íbúðarhús og útihús á löndum þessum, og eru þau skráð og metin í fasteignamati. Hluti Leynimýrarblettis 1 hefur verið tekinn til afnota í þarfir skóla, sem reistur hefur verið í grenndinni. Er sú spilda 1575m².


Umrædd lönd heyra til "grænu svæðunum" samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur, en deiliskipulag liggur ekki fyrir. Verður ekki séð, að löndin séu, eins og nú stendur, undan — þegin fasteignamati samkvæmt 16 gr. laga nr. 94/1976 eða 4 gr. reglugerðar nr. 406/1978. Þá eru ekki fyrir hondi óræk gögn um það, að niður sé fallinn erfðafesturéttur kæranda til umræddra landa. Að kröfu kæranda ber því að taka löndin til fasteignamats, að frátalinni ofangreindri 1575 m² spildu, samkvæmt 21 gr. laga nr. 94/1976.

Ú R S K U R ð A R O R ð :


Lagt er fyrir Fasteignamat ríkisins að meta fasteignamati Leynimýrarblett 1 og 1 A, að frátalinni ofangreindri 1575 m² spildu.



Gaukur Jörundsson.



Pétur Stefánsson.



Guðmundur Magnússon.